

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2017, fimmtudaginn 1. júní var haldinn 360. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi 3.hæð Arnarholti og hófst kl. 17:13

Mættir: Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fengler Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi, Pétur Óskarsson Hafnarfirði og Theódór Kristjánsson Mosfellsbæ. Eva Einarsdóttir boðaði forföll.

Jafnframt: Andrés B. Andreasen fjármálastjóri ÍTR, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram rekstrarútkoma janúar – apríl 2017. Fjármálastjóri ÍTR kynnti niðurstöðuna. Reksturinn hefur gengið mjög vel.
2. Rætt um forgangsroðun á framkvæmdum á skíðasvæðum á næstu árum. Framkvæmdarstjóri kynnti stöðuna og voru nefndarmenn sammála um mat hans á mikilvægi þess að fara í nauðsynlegt viðhald á Drottningu sumarið 2018. Hagkvæmasta leiðin að þessu markmiði er að endurnýta möstur og frekari búnað en skipta um endastöð, drifstöð og gírbúnað, vír og annan öryggisbúnað. Heildarkostnaður nemur um 150 mkr. með vsk. Til að unnt sé að ná að gera úrbætur á lyftunni sumarið 2018 þarf ákvörðun að liggja fyrir sem fyrst enda tekur um 9 mánuði að fá þann búnað sem nauðsynlegur er til viðhaldsins. Einnig fór fram mikil umræða um stefnumótun sem snéri að lyftunni í Skálafelli, öðrum lyftum í Bláfjöllum og endurnýjun skála í Bláfjöllum og Skálafelli.

Fundi slitið kl. 18:30.

Theódór Kristjánsson

Björg Fengler
Magnús Örn Guðmundsson

Pétur Óskarsson
Anný Berglind Thorstensen